

Ed.

500. Frumvarp til laga

[196. mál]

um almannatryggingar.

(Eftir 2. umr. í Ed., 1. apríl.)

Samhljóða þskj. 384 með þessum breytingum:

15. gr. hljóðar svo:

Fjölskyldubætur eru greiddar með öllum börnum yngri en 16 ára. Skulu þær greiddar þeim, sem foreldraráðin hafa, eða þeim öðrum, sem annast framfærslu barnanna, nema meðlagsgreiðandi, sem greiðir meira en lágmarksmeðlag, óski eftir, þá er heimilt að draga helming fjölskyldubótanna frá meðlagsgreiðslunni, þó aldrei svo, að meðlagið verði lægra en lágmarksmeðlag.

Árlegar fjölskyldubætur með hverju barni skulu vera kr. 3000.00.

17. gr. hljóðar svo:

Mæðralaun skulu greidd ekkjum, ógiftum mæðrum og fráskildum konum, sem hafa börn undir 16 ára aldri á framfæri sínu.

Árleg mæðralaun skulu vera sem hér segir:

Með einu barni	kr. 1680.00
Með tveimur börnum	— 9120.00
Með þremur börnum eða fleiri	— 18240.00

21. gr. hljóðar svo:

Heimilt er að greiða uppbót á elli- og örorkulífeyri, ef sýnt þykir, að lífeyrisþegi geti ekki komizt af án hækkunar.

Tryggingastofnunin ákveður uppbót samkvæmt grein þessari að fengnum til-lögum sveitarstjórnar, og greiðist hún að $\frac{3}{5}$ af Tryggingastofnuninni, en að $\frac{2}{5}$ af sveitarsjóði. Er stofnuninni heimilt að verja í þessu skyni upphæð, sem nemur allt að 10% af heildarupphæð elli- og örorkulífeyris síðastliðins árs.

Hluttur Tryggingastofnunarinnar greiðist því aðeins, að hluttur sveitarsjóðs sé jafnframt greiddur.

54. gr. hljóðar svo:

Tryggingastofnun ríkisins ákveður iðgjöldin í hverju samlagi að fengnum til-lögum sjúkrasamlagsstjórnar og umsögn stjórnar héraðssamlags þess, sem sjúkrasamlagið er aðili að. Iðgjaldsákvörðun er háð staðfestingu ráðherra. Iðgjöld skulu ákveðin með það fyrir augum, að heildartekjur samlags nægi til að standa straum af skuldbindingum þess.

Iðgjöld greiða allir þeir, sem tryggingarskyldir eru í sjúkrasamlagi, sbr. 47. gr. Iðgjöld skulu greidd fyrir fram og gjalddagar ákveðnir í samþykktum.

Stefnt skal að því, að iðgjöldin séu jafnhá, þar sem aðstaða er sambærileg.